

2.12.2020

FJÓRÐA STOÐIN: HUGVERKAIÐNAÐUR

Ný stoð hefur skotið rótum í gjaldeyrisöflun þjóðarbúsins. Gjaldyrstekjur hugverkaiðnaðarins eru orðnar umtalsverðar. Um er að ræða grein fyrirtækja í upplýsinga- og fjarskiptaiðnaði, lyfja-, líftækni- og heilbrigðisiðnaði og öðrum hátækniðnaði. Greinin er byggð á hugviti og nýsköpun. Ljóst er að mikil tækifæri eru í greininni til frekari vaxtar.


Aukin fjölbreytni og fleiri stoðir gera hagkerfið minna háð gengi í einstökum atvinnugreinum og þannig er dregið úr sveiflum. Þess vegna er eftirsóknarvert að fjölga stoðunum en áður var gjaldeyrisöflun þjóðarinnar að mestu borin uppi af sjávarútvegi. Þrátt fyrir sveiflur og að mörgu leyti óhagstæð efnahagsleg skilyrði hér á landi tókst að fjölga stoðunum, fyrst með uppbyggingu orkusækis iðnaðar og síðan með vexti í ferðaþjónustu. Hingað til hefur því gjarnan verið talað um þrjár stoðir og svo annan útflutning en rétt er að tala um fjórar stoðir auk annars.

Vöxtur í gjaldyrstekjum hugverkaiðnaðar undanfarið gefur vonir um að þessi fjórða stoð gjaldeyrisöflunar muni vaxa enn frekar þegar fram í sækir. Nýleg þróun í heimsfaraldri kórónuveiru og áhrif hennar á íslenskt efnahagslíf undirstrikar þörfina fyrir að fjölga eggjunum í hinni íslensku efnahagslegu körfu en hagkerfið var orðið mjög háð ferðaþjónustu fyrir tíma veirunnar. Þörf er á enn frekari vexti í fjórðu stoðinni, hugverkaiðnaði, til að tryggja aukna efnahagslega velmegun hér á landi.

HELSTU ATRIÐI

- Fjórða stoð gjaldeyrisöflunar þjóðarbúsins hefur myndast. Um er að ræða sterka stoð hugverkaiðnaðar sem í fyrra skapaði 135 ma.kr. gjaldyrstekjur eða 10% af gjaldyrstekjum þjóðarbúsins. Umfang greinarinnar myndar grunn aukins stöðugleika og hagvaxtar litið til framtíðar.
- Gjaldyrstöflun hugverkaiðnaðar hefur aldrei verið meiri en á síðasta ári. Mikill vöxtur hefur verið í gjaldyrstekjum greinarinnar á síðustu árum sem sýnir að mikil tækifæri eru á þessu sviði til að fjölga störfum og auka velmegun hér á landi. Gjaldyrstekjur greinarinnar námu 78 ma.kr. árið 2013 og hafa því aukist um 74% frá þeim tíma á föstu gengi. Hlutdeild greinarinnar í gjaldeyrisöflun þjóðarbúsins hefur hækkað á sama tíma en hún mældist 7,4% árið 2013.
- Reikna má með því að gjaldyrstekjur greinarinnar hafi aukist enn frekar í ár og að umfang hennar í gjaldeyrisöflun þjóðarbúsins hafi aldrei verið meiri. Byggir það m.a. á tölum um gjaldyrstekjur á fyrstu þremur ársfjórðungum ársins. Reikna má með því að heildar gjaldyrstekjur greinarinnar í ár nemi 140 mö.kr. og að hlutdeild greinarinnar í gjaldeyrisöflun þjóðarbúsins verði 14,8%. Verður greinin líklega sú þriðja stærsta í gjaldeyrisöflun þjóðarbúsins í ár á eftir sjávarútvegi og ál- og kísiljárnframleiðslu.
- Umtalsverð tækifæri eru í hugvitsdrifinni gjaldyrissköpun þjóðarbúsins. Þróun í gjaldyrissköpun greinarinnar síðustu ár sýnir það. Samkeppnishæfni hugverkaiðnaðar hefur batnað undanfarið, m.a. vegna þeirra breytinga sem orðið hafa á skilyrðum og hvötum til nýsköpunar hér á landi. Líkur eru á að framundan sé góður vöxtur í þessari grein.
- Framleiðni er há í hugverkaiðnaði. Greinin skapar jafnframt hálaunastörf, en laun í hugverkaiðnaði eru hærri en almennt gerist í hagkerfinu.


Fjórða stoðin: Hugverkaiðnaður Gjaldeyrstekjur



FJÓRÐA STOÐIN BÚIN AÐ SKJÓTA RÓTUM

Hugverkaiðnaður, ný stoð í gjaldeyrisöflun þjóðarbúsins byggð á hugviti og nýsköpun, er þegar búin að skjóta rótum hér á landi. Hugverkaiðnaður skilaði 135 mö.kr. í gjaldeyrstekjur á síðasta ári og hefur gjaldeyrisöflun greinarinnar aldrei verið meiri en þá. Til samanburðar voru útflutningstekjur greinarinnar 78 ma.kr. árið 2013 og hafa þær því aukist um 74% á tímabilinu. Áætla má að gjaldeyrstekjur greinarinnar verði enn meiri í ár eða ríflega 140 ma.kr.


Vægi greina í gjaldeyrisöflun þjóðarbúsins



Hugverkaiðnaðurinn er að skapa umtalsverðan hluta af gjaldeyrstekjum þjóðarbúsins. Áætla má að vægi tekna greinarinnar í heildar gjaldeyrstekjum þjóðarbúsins í ár verði um 14,8% samanborið við 7,4% árið 2013. Útlit er fyrir að greinin verði sú þriðja stærsta í gjaldeyrisöflun þjóðarbúsins í ár á eftir sjávarútvegi (28%) og ál- og kísiljárnframleiðslu (23%) og að vægi hennar verði meira en ferðapjónustunnar (13%).

Fyrirtæki innan hugverkaiðnaðar eru fjölbreytt. Meðal þeirra eru rótgróin fyrirtæki og sprotafyrirtæki af ýmsum toga og öllum stærðum um allt land. Um er að ræða fyrirtæki í upplýsinga- og fjarskiptaiðnaði, lyfja-, líftækni- og heilbrigðisiðnaði og öðrum hátækniíðnaði.

Fjórða stoðin: Hugverkaiðnaður Gjaldeyrstekjur, ma.kr.



AUKIN UMSVIF Í UPPLÝSINGA- OG FJARSKIPTATÆKNIÐNAÐI

Snarpur vöxtur hefur verið í upplýsinga- og fjarskiptatækniíðnaði (UT) hér á landi á undanförunum árum. Það sést vel hvort sem litið er til gjaldeyrstekna, veltu fyrirtækja í greininni eða fjölda starfandi. Greinin hefur byggst að stórum hluta upp á útflutningi og hafa útflutningsverðmæti hennar aukist samfellt frá árinu 2013. Á síðasta ári námu gjaldeyrstekjur greinarinnar 50 mö.kr. Til samanburðar námu gjaldeyrstekjur greinarinnar 24 mö.kr. árið 2013. Tekjur greinarinnar hafa því vaxið um 107% á tímabilinu.

Framleiðni í UT iðnaðinum er meiri en almennt er í einkageiranum. Árið 2018 var verðmætasköpun að meðaltali um 16 m.kr. á hvern launþega samanborið við 13,5 m.kr. að meðaltali í einkageiranum. Á árinu 2018 var meðallaunakostnaður á hvern launþega innan UT ríflega 11 milljónir, en í einkageiranum rúmar 7 milljónir og því ljóst að greinin skapar vel launuð störf í samanburði við það sem almennt gerist í hagkerfinu.

Innan UT er, svo dæmi sé tekið, tölvuleikja- og gagnaversiðnaður. Samanstanda greinarnar af fáum en öflugum fyrirtækjum. Þar má nefna CCP, Advania Data Centers, Etix Everywhere Borealis, Sýn, Opin kerfi, Origo, Sensa, Símann og Verne Global. Umsvif gagnavera á Íslandi hafa aukist verulega á liðnum árum og til marks um það hafa útflutningstekjur þeirra ríflega þrefaldast frá árinu 2013, eða frá 4,3 mö.kr. í 15,2 ma.kr. árið 2019. Einnig er vert að taka fram að árið 2019 voru þrjú gagnaver á Íslandi af þeirri stærðargráðu að þau teljast stórnotendur raforku.

GÓÐUR VÖXTUR Í LYFJA-, LÍFTÆKNI- OG HEILBRIGÐISIÐNAÐI

Lyfja-, líftækni- og heilbrigðisiðnaður skilaði ríflega 72 mö.kr. í gjaldeyrstekjur á síðastliðnu ári samanborið við 38 ma.kr. árið 2013. Mörg öflug fyrirtæki hafa haslað sér völl hér á landi í gegnum tíðina. Af þeim fyrstu má nefna stoðtækjafyrirtækið Össur og lyfjafyrirtækin Pharmaco, Delta, Omega Farma, Lyfjaverslun Íslands og fleiri sem síðar sameinuðust í alþjóðafyrirtækið Actavis. Mikill vöxtur var í greininni frá 2013 til 2015 en tekjur greinarinnar jukust á þeim tíma úr 38 mö.kr. í 64 ma.kr.. Með hagræðingu innan Actavis og síðar sölu þess úr landi varð umtalsverður samdráttur í starfsemi lyfjaiðnaðar hér á landi.

Lyfja-, líftækni- og heilbrigðisiðnaður hefur verið að ná vopnum sínum aftur undanfarið eftir samdráttinn frá 2016-2018. Byggir vöxtur síðustu ára m.a. á þeirri miklu þekkingu sem varð til á uppbyggingarárum greinarinnar hér á landi. Vöxtur hefur verið í gjaldeyrstekjum greinarinnar frá 2018. Fyrirtæki á borð við Coripharma, Alvotech, Florealis, Kerecis og Zymetech hafa verið í vexti síðustu ár og eru áform þeirra um frekari uppbyggingu hér á landi stór. Má í því sambandi nefna að samkvæmt áætlun Alvotech verður fyrirtækið með 5% af VLF og 20% af útflutningstekjum þjóðarbúsins árið 2027.

Lyfja-, líftækni- og heilbrigðisiðnaður er grein sem byggir á hugviti og nýsköpun fyrst og fremst. Þetta er grein sem nýtir vel menntað vinnuafl og greiðir laun sem eru með því hæsta sem þekktist í hagkerfinu. Með nýlegri uppbyggingu eru Íslendingar á sviði þessa iðnaðar aftur komnir með fyrirtæki sem geta boðið upp á fjölda áhugaverðra og verðmætra starfa hér á landi.

FJÖLBREYTT FLÓRA Í ÖÐRUM HÁTÆKNIÐNAÐI

Ýmis hátækniðnaður hefur skotið hér rótum bæði í framleiðslu og þjónustu. Um er að ræða fjölbreytta flóru fyrirtækja sem byggja starfsemi sína á hugviti, nýsköpun og umfangsmikilli rannsókn- og þróunarstarfsemi. Meðal þeirra eru fyrirtæki í framleiðslu á rafeindavogum og vélum til matvælaframleiðslu. Meðal þessara fyrirtækja eru Marel og Valka. Hátækni-þjónustuiðnaður af ýmsum toga hefur verið gróskumikill hér á landi á síðustu árum. Um er að ræða greinar á borð við þjónustu tengda mynd og hljóðefni ásamt þjónustu arkitekta og verkfræðinga auk vísinda- og tækniþjónustu.

Gjaldeyrstekjur þessara fyrirtækja námu tæplega 13 mö.kr. í fyrra samanborið við nær 16 ma.kr. árið 2013. Nokkur samdráttur hefur verið í gjaldeyrisssköpun greinarinnar undanfarin ár. Má reikna með að þættir á borð við hátt raungengi krónunnar, þ.e. háan innlendan kostnað í samanburði við kostnað í þeim löndum sem helstu keppinautar þessara fyrirtækja eru með starfsemi sína, eigi þar hlut að máli. Með lækkun raungengis krónunnar undanfarið og bættu umhverfi fyrir rannsókn- og þróunarstarfsemi hér á landi má vænta þess að vöxtur verði í þessum iðnaði á næstu árum.

Innan hátækniþjónustuiðnaðar er kvikmyndaiðnaðurinn. Sú atvinnugrein er gott dæmi um iðnað sem hefur áhrif á gjaldeyrisssköpun þjóðarbúsins langt út fyrir það sem mælist í ofangreindum tölum en könnun Ferðamálaráðs sýnir að kvikmyndir, bæði íslenskar og erlendar, liggja að baki 20% hugmynda að Íslandsferðum hjá erlendum ferðamönnum. Við það bætast önnur afleidd áhrif á hagkerfið, svo sem kaup á hótलगistingum og veitingum, og leiga á bílaleigubílum og ýmsum búnaði tengt tókum hérlendis.

| Fjórða stoðin: Hugverkaiðnaður | 2018 | 2019 |
|---|-------------|-------------|
| Gjaldeyrstekjur, ma.kr. | 97,5 | 135,0 |
| Upplýsinga- og fjarskiptatækniðnaður | 41,3 | 50,0 |
| Einkennandi greinar: | | |
| Tölvuleikjaiðnaður | | |
| Gagnaversiðnaður | | |
| Hugbúnaðariðnaður | | |
| Lyfja-, líftækni- og heilbrigðisiðnaður | 44,5 | 72,4 |
| Einkennandi greinar: | | |
| Lyfjaiðnaður | | |
| Líftækniðnaður | | |
| Heilbrigðisiðnaður | | |
| Annar hátækniðnaður | 11,7 | 12,6 |
| Einkennandi greinar: | | |
| Framleiðsla á stoðtækjum | | |
| Framleiðsla á tækjum fyrir matvælaíðnað | | |
| Kvikmyndaiðnaður | | |